

11 **Brjef landshöfðingja til biskups um flutning kirkju.** — Eptir að hafa fengið 31. jan. þóknanlegt brjef yðar, herra biskup, dags. 20. þ. m., og þar með fylgjandi skilríki, vil jeg hjer með samkvæmt tillögum yðar í þóknanlegu brjefi, dags. 31. okt. f. á. eptir löglegan undirbúning samkvæmt 12. gr. í lögum nr. 5, 27. febr. 1880 og eptir 4. gr. í lögum nr. 3 frá sama dato, samþykkja, að kirkjan á Hjaltabakka í Húnavatnsprófastsdæmi verið lögð niður sem kirkja, en ný kirkja fyrir sóknina reist á verzlunarstaðnum Blönduósi, þó þannig, að kirkju-garðurinn verði eptirleiðis eins og til þessa á Hjaltabakka, og að hin gamla kirkja sje látin standa þar sem líkhús, og henni sje haldið við í sómasamlegu ástandi af söfnuðinum.

12 **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa prestakalli til húsaþygginga.** (Ágrip). — Með brjefi þessu veitti landshöfðingi leyfi til þess að tekjur Skinnastadaprestakalls væru veðbundnar fyrir láni, að upphæð 1100 kr., er endurgreiðist ásamt vöxtum með 6% á ári í 28 ár, til húsabóta á prests-setrinu, sumpart til að borga með baðstofuhús, 13½ al. á lengd og 6 ál. á breidd, sem þegar hefir verið byggt þar, sumpart til að byggja framhús 14 ál. á lengd og 6 ál. á breidd, búr 8 ál. á lengd og 5 ál. á breidd, svo og fjós og heyhlöðu. Lántökuleyfið er bundið þeim skilyrðum að hin síðast töldu 4 hús verði gjörð á yfirstandandi ári; að húsin verði að öllu traust og vönduð, eptir því sem bezt gjörast byggingar þar í sveit; að presturinn váttryggi húsin gegn eldsvoða og haldi þeim í tryggingu; að húsin verði eign prestakallsins og presturinn haldi þeim vel við, svo að hann eða bú hans svari húsunum á sínum tíma í gildu standi, eða með fullu álagi; að helmingurlánsins verði ekki tekinn fyrr en öll húsin eru fullgjörð, og sannað er með löglegri skoðunargjörð og virðingargjörð undir umsjón prófasts, að húsaþyggjörðin sje í alla staði vel af hendi leyst, og loks, að peningauppbót sú, sem brauðið fær nú úr landssjóði, gangi til greiðslu afborgana og vaxta af láninu.

13
24. febr.

Auglýsing um póstmál.

Það auglýsist hjer með almenningi, að með 4. póstferð breytast burt-farardagar þeir, sem *vestanpóstinum* eru gjörðir í áætlun um ferdir landpóst-anna 1894, dags. 27. nóv. f. á., frá millistöðvunum milli Ísafjarðar og Hjarðar-holts á suðurleið, þannig, að pósti er heimilt að fara frá Vatnsfirði, Arngerðar-eyri, Bæ og Brunná degi fyrr en áætlunin greinir í 4.—14. ferð.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 24. febrúar 1894.

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.